


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	<b>TLB102</b>	<b>Námsáætlun – haust 2016</b>



<b>Kennarar</b>	Halldóra Björg Sævarsdóttir Ragnheiður Björk Þórsdóttir	<b>Sk.st.</b> <b>HBS</b> <b>RPÓ</b>	<b>Viðtalstímar:</b> Mánudaga kl. 11:25-12:05 Þriðjudaga kl. 11:25-12:05
-----------------	--	---	--

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga og gera sér grein fyrir hvaða áhrif veðurfar, stjórnmál, tækni framfarir og tíska hefur á manninn. Nemendur fá einnig innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum frá tímum pýramídanna og fram á 21. öldina. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð textílefna, bygginga, fatnaðar og annara hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.

### Markmið:

- að nemendur fái innsýn í textíl- og búningasögu mannsins frá upphafi fram á okkar daga.
- að nemendur fái innsýn í verkmenningu mannsins í ólíkum menningarsamfélögum fram á 21. öldina.
- að nemendur geri sér grein fyrir því hvaða áhrif gróður og veðurfar hefur á gerð textílefna, bygginga, fatnaðar og annarra hluta sem ætlaðir eru til almennra nota í manngerðu umhverfi.


### Námsgögn:

Efni frá kennara í tölvutæku formi (Moodle). Ýmsar hönnunar-, textíl- og búningasögubækur af bókasafni VMA.

Æskilegt er að nemendur hafi aðgang að, eða kaupi sér bækurnar Tíska (e. Gertrud Lehnert, Háskólaútgáfan: 2000) og Hönnun. (e. Thomas Hauffe, Háskólaútgáfan:1999). Símar og snjalltæki eru velkomnir til náms en annars ekki.


### Verkefni:

Nemendur vinna alls fjögur hóp og/eða einstaklingsverkefni á önninni auk dagbókar sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. **Skilaverkefni skulu sótt á sýnidegi prófa.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		
<b>TLB102</b>		
<b>Námsáætlun – haust 2016</b>		

### Áætlun um yfirferð:

Tímabil	Textílsagan – 50%. Kennd fyrri helming annarinnar	
Vika 34-41	<p>Í upphafi er farið yfir helstu hugtök sem nauðsynlegt er að nemendur kunni skil á s.s. körfugerð, vefnaður, myndvefnaður, þrjón, útsaumur, þrykk og frjáls textíll. Byrjað á textílsögu forn Egyptalands og síðan stiklað á stóru í sögu og þróun textílsins fram á okkar daga. Textíll sem myndlistarmiðill skoðaður, á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi – upphaf og endir? Textílhönnun fyrr og nú skoðuð með tilliti til verkmenningarsögu Íslendinga og í alþjóðlegu samhengi.</p> <p>Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fl.</p> <p>Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í báðum lotum en með mismunandi áherslum.</p>	<p>Hóp- eða einstaklingsverkefni. Unnið bæði í kennslustundum og sem heimavinna.</p> <p>Vægi: 20%</p> <p>Skil ca. 4. okt.</p> <p>Skriflegt verkefni þar sem nemandi velur eina textílaðferð til umfjöllunar.</p> <p>Vægi: 10%</p>
Tímabil	Búningasagan – 50%. Kennd seinni helming annarinnar.	
Vika 41-48	<p>Búningasagan rakin frá upphafi og fram á okkar daga. Farið í gegnum helstu efnisnotkun í fatnaði frá upphafi, jafnt í Evrópu, Afríku, Asíu og Ameríku. Iðnbyltingin og áhrif hennar á efnisnotkun og framleiðsluhætti. Áhrifaþættir eins og veðurfar, trúarbrögð og tíska skoðuð í hinum ýmsu menningarsamfélögum eins og tími leyfir.</p> <p>Efnishugtök og heiti skoðuð: Leður, ull, silki, bómull, hör, gerviefni, ofin munsturefni, áþrykkt efni og fl.</p> <p>Textíl- og búningasagan skarast að miklu leiti og verður sérstaklega farið í gegnum þann þátt í báðum lotum en</p>	<p>Einstaklingsverkefni.</p> <p>Vægi: 20%</p> <p>Skil: 8. nóv.</p> <p>Skriflegt einstaklings- eða hópverkefni.</p> <p>Vægi: 10% og skil 24. nóv.</p>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>TLB102</b> <b>Námsáætlun – haust 2016</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

með mismunandi áherslum.	<b>Skil: ca. 1. des.</b> <b>Vægi: 30%</b>
<b><u>Skil á hugmynda- dag- skissubók</u></b>	


### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Textílsaga	Einstaklings- eða hópverkefni I	20%	
Textílsaga	Skriflegt verkefni um ákveðna textílaðferð	10%	
Búningasaga	Einstaklings- eða hópverkefni II	20%	
Búningasaga	Skriflegt verkefni t.d. fatahönnuðir á 20. og 21. öld	10%	
Dagbók	Nemendur skulu halda dagbók alla önnina og geta notað hana bæði sem glósu-, úrklippi- og gagnasöfnunarbók.	30%	
Ástundun	Virkni, þátttaka í umræðum og vinnubrögð	10%	
		<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>
<b>Annað:</b> Próflaus símatsáfangi. Með fyrirvara um breytingar.			

Gangi ykkur vel

Halldóra og Ragnheiður


Dagsetning: 17.08.16



Undirritun kennara

Halldóra B. Sævarð

Undirritun kennara



Undirritun brautarstj, fagstj eða staðgengils

